

Endurskoðendaráð

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2018.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem endurskoðendaráði var boðið að senda umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, 167. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 8. mgr. 18. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 á þann hátt að eftirlitsgjald, sem endurskoðendur greiða árlega í ríkissjóð, verði ekki lengur eyrnamerkt til þess að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs heldur muni ráðherra ákvarða fjárveitingu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að tilgangur eftirlitsgjaldsins sé að standa straum af kostnaði vegna ráðsins og er ráðinu þannig tryggt fjárhagslegt sjálfstæði í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006, en lög um endurskoðendur nr. 79/2008 miða að því að koma þeirri tilskipun til framkvæmda.

Athygli fjárlaganefndar er vakin á því að í 7. mgr. 32. gr. tilskipunarinnar segir:

„Opinbera eftirlitskerfið skal vera fjármagnað á fullnægjandi hátt. Fjármögnun opinbera eftirlitskerfisins skal vera tryggð og óháð hvers konar ótilhlýðilegum áhrifum frá endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum“

Ný tilskipun nr. 2014/56 um breytingu á tilskipun nr. 2006/43/EB sem nú er unnið að innleiðingu á breytir framangreindu ekki en bætir við 7. mgr. 32. gr. að hið opinbera eftirlitskerfi skuli hafa fullnægjandi úrræði til þess að geta hafið og framkvæmt rannsóknir sem vísað er til í 5. mgr. sama ákvæðis í tilskipun frá 2014.

Gæta þarf að því að fjármögnun til endurskoðendaráðs hamli því ekki að ráðið geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt núgildandi tilskipun og þeirri sem til stendur að innleiða.

Virðingarfyllst,



Áslaug Árnadóttir,

formaður endurskoðendaráðs

Endurskoðendaráð
Borgartúni 26
105 Reykjavík